

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 26/98
frá 27. mars 1998**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
5/98 frá 30. janúar 1998⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 97/C 109/01 frá 24. mars 1997 um nýtt átak til að auka samkeppnishæfni
sjóflutninga í bandalaginu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 87. lið (ályktun ráðsins 97/C 194/03) í XIII. viðauka við
samninginn:

„88. **397 Y 0408(01)**: Ályktun ráðsins 97/C 109/01 frá 24. mars 1997 um nýtt átak til
að auka samkeppnishæfni sjóflutninga í bandalaginu (Stjtið. EB nr. C 109, 8. 4.
1997, bls. 1).”.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 109, 8. 4. 1997, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 97/C 109/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner